

Sókrates: Svipast um í hugarheimi hans

Með Sókratesi má segja, að athygli forngrískra heimspekinga beinist inn á við í þeim skilningi, að mannlífið og líðan hvers og eins og þroski kemur í brennidepil. Fyrrum hafði áhugi þeirra – og einnig Sókratesar - einkum beinst að því, hvernig veröldin væri til orðin. Því mun einnig óhætt að fullyrða, að siðspekin hafi litið dagsins ljós með Sókratesi og fræðurunum svonefndu, en hann fyllti flokk þeirra..

Sókrates skrifaði ekkert. Hugsanir hans eru að nokkru leyti skráðar af Xenofoni og Aristófanesi, en í samræðum sínum gerir helsti lærisveinn hans, Platon, hann ódauðlegan. Venjulega er honum líst sem fátæklingi. Engu að síður virðist hann hafa verið nægilega í álnum til að geta útvegað sér vopn. Hann var skjaldliði, gegndi herskyldu. Sókrates tók lítt þátt í stjórnmálum sem slíkum, en gegndi þó dómskyldu og veitti mótspyrnu þeim hópi þrjátíu manna, er höfðu tögl og haldir í Aþenu í kjölfar Pelopsskagastríðsins.

Sókrates “mun snemma hafa leitað til fræðslu spekinganna, svo sem Anaxagóras, er þá var kominn til Aþenu. Hann mun og um stund hafa verið snortinn af lífernir og speki Pýþagóringa og lifað við nokkur meinlæti. Þá mun hann og hafa kynnt Eleötum, þeim Parmeídes og Zenon (um 450). Og Xenófón getur þess í Minningum sínum (Memorabilia I, 6), að Sókrates og ýmsir ungir menn í Aþenuborg hafi þá tamið sér að gjöra „útdrætti úrritum eldri spekinga af því, sem þeim þætti gott, til eigin nota.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 189-190.)

En skemmst er frá að segja, að Sókrates hlaut ekki náð valdhafanna í Aþenu, hins fyrsta lýðræðisríki veraldar. Hann var dæmdur til dauða:

„Í hættum og mannaun vígvallarins hélt Sókrates jafnan vöku sinni og komst lífs af. Á götum Aþenu storkaði hann stjórnmálamönnum með réttsýni sinni og féll.“ (Platón: Varnarræða Sókratesar. Inngangur Gunnars Dal: Rvk. 1963, s. 12.)

Og hver var svo ákæran: „Sókrates gerir illt verk, þar sem hann bæði spillir æskulýðnum og trúir ekki á guði borgarinnar, heldur aðrar nýjar andlegar verur. ... hann fræðir æskulýðinn um það, sem er í loftinu og undir jörðinni, með því að kenna að trúa ekki á guðina og snúa verri málstað í betri.“ Orðrómurinn sagði: „Að Sókrates væri að brjóta heilann um háloftin og alla hluti undir jörðinni og gerði verri málstað betri: Hann tryði ekki á guðina.“ (Námskeið (glærur) í fornaldarheimspeki, HÍ, haust 2012.)

Fjölskylda: Sókrates var skyldurækinn maður með afbrigðum og virti skuldbindingar sínar eins og berlega kom í ljós, þegar hann neitaði að flýja Aþenu og gekk á vit dauða síns með hýrri há. Hann taldi það skyldu sína að eignast afkvæmi. Hann var svo sem ekki við eina fjölinu felldur í ástamálum og ekki er örgrannt um, að hann hafi eins og fleiri átt sér ljúfling af sama kyni. Hermt er, að hann hafi ekki einasta þegið ástarspeki sína frá heimspekingnum Díótímu, heldur hafi hann átt vingott við konur aðrar. Blíðu þeirra greiddi hann í fríðu með heimspeki. Sú útvalda var Xanþippa:

„Xanþippa, kona hans, er fræg orðin fyrir vanstillingu sína og geðofsa. Sókrates mun hafa talið það þegnskyldu sína að kvænast og geta börn, en lítt sinnt um heimili sitt [...], svo að Xanþippa hefur ekki verið ofsæl af stöðu sinni. Sneri hann hamförum hennar upp í gaman og taldi sambúðina æfingu í geðþrýði:

„Þegar reiðmennirnir geta haft taumhald á böldnustu folunum, verður þeim leikur einn að ráða við hina; og geti ég komizt af við hana Xanþippu, ætti mér að vera vorkunnarlaust að láta mér

semja við aðra menn.“ „ (Platón. Síðustu dagar Sókratesar. Inngangur Sigurðar Nordal. Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1973, s. 10.)

„Sókrates „kvæntist [...] konu einni, er Xanþippa hét. Hún var svo skapstór kona, að hún varð að orðtaki fyrir gassa sinn og vargaskap. Sveið henni að vonum, að Sókrates sá lítt fyrir heimili sínu; eignuðust þau þó þrjá sonu og voru lítt efnum búin. [Henni mun] hafa virzt sem væri hann hreinasta landeyða, enda lét hún oft dæluna ganga um það. En Sókrates tók öllu með jafnaðargeði. Einhverju sinni á hún eftir eina sennuna að hafa hellt úr fullri vatnsfötu yfir Sókrates; hann tók því rólega, en sagði með hægð þeirri og kímni, er honum var lagin, um leið og hann gekk heiman að, að Xanþippa sín líktist þó Sevs í því, að hún léti rigna á eftir þrumuveðrum.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 190-191.)

„Þegar hann laut svo lágt að dveljast í heimahúsum vann hann sem steinsmiður og myndhöggvari. Hann hafði engan hug á ferðalögum og fór sjaldan út fyrir hlið borgarinnar. Hann gekk að eiga Xanþippu sem ásakaði hann fyrir að afrækja fjölskyldu sína. Hann viðurkenndi að hún hefði lög að mæla og hélt vörnum fyrir hana við son sinn og vini. Ekki mat hann þó hjónabandið meir en svo að hann virðist hafa tekið sér hjákonu þegar fjölkvæni var lögleyft um skeiði, en það var afleiðing af miklu mannfalli í styrjöldinni.“ (Durant, Will. Grikkland hið forna II. M&M, Rvk. 1993, s. 40.)

Köllun – lífsstarf: Sókrates gerði ekki víðreist um veröldina. Hann undi glaður í heimaborg sinni, Aþenu. Þrátt fyrir ámæli eiginkonunnar um leti og ómennsku bar hann þó við að taka til hendi til að afla fjölskyldunni viðurværis. En dálætisiðja hans var að taka fólk tali, iðka heimspeki eða ástarspekt: „Hann reyndi ekki að móta hina ungu menn, sem hændust að honum, alla í sama móti, né festa í huga þeirra vissar kennisetningar, er þeir gætu síðan haft fyrir óbrigðulan sannleika, svo sem öðrum spekingum var títt. En með viðræðum sínum vildi hann vekja þá til sjálfstæðrar hugsunar, leiða innsta eðli þeirra í ljós og hjálpa því til þroska. Þessari starfsemi sinni líkti hann við ljósmóðurstarf móður sinnar. (Platón. Síðustu dagar Sókratesar. Inngangur Sigurðar Nordal. Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1973, s. 17.)

„Annálað er, hve miklu ástfóstri hann tók við unglinga þá, er til hans leituðu, og hve ástúðlega hann kom fram við þá. Kvaðst hann vera að rækja við þá köllun móður sinnar að hjálpa þeim til að fæða fagrar og góðar hugsanir úr sálum sínum. Sagist hann í hvert sinn, er hann fyndi fagra sál og óspillta, verða jafn ástfanginn af henni eins og ungum, fríðum sveini.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 191.)

Sókrates hafði ábilandi trú á góðmennsku fólks og þann mikla aflvaka dyggðarinnar, skynsemina. Kæmi fólk auga á réttlætið fyrir tilstilli skynseminnar, hyrfi illskan og ómennskan eins og döggi fyrir sólu. Réttlætið hafði þannig lækningamáll gagnvart ómennsku og illsku, sem Sókrates áleit truflun á eðlilegri starfsemi sálarinnar.

„[H]ann væri æði bjartsýnn á mannsálina. Hugði hann, að ekki þyrfti annað en sýna mönnum fram á, hvað satt væri og rétt, til þess að þeir breyttu sjálfkrafa eftir því bæði í hugsun sinni og hegðun. Hann hugði sem sé, að hægt væri að kenna mönnum dyggðina með því að segja þeim til og sýna fram á ágæti hennar, og sýnir þetta manngöfgi sjálfs hans. Enginn er vísvitandi illur, var eitt af viðkvæðum hans. Kenndu mönnum að leggja hlustir við guðsröddinni í brjósti sér, [...] kenndu þeim að bera lotningu fyrir hinum óskráðu lögum samvizkunnar og hinum skráðu lögum þjóðfélagsins, og þeir munu góðir verða. Sýndu þeim fram á afleiðingar hins illa og hve mikið gott og nytsamt hið góða hefur jafnann í för með sér, og þeir munu að sjálfsögðu breyta vel. Því að þekking sú, sem verður sannfæring og gagntekur menn fyrir því,

sem gott er, verður að dyggð í framkvæmdinni. Þekking er dyggð.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 193-194.)

Úr varnarræðunni á banabeðinu (Platón. Síðustu dagar Sókratesar. Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1973): „Enginn sá maður, sem er nokkurs verður, á að horfa í háska eða bana. Hann á aðeins að líta á hitt, hvort það, sem hann gerir, er rétt eða rangt, hvort hann breytir sem góður maður eða vondur.“ (S. 49.)

„[É]g geri ekki annað en ganga um og telja um fyrir yður, bæði eldri mönnum og yngri, að bera ekki mesta umhyggju fyrir líkómum yðar né fjármunum, heldur frammar öllu fyrir sálu yðar, að hún verði sem bezt. Dyggðin vex ekki upp af fjármunum, heldur fjármunir af dyggð og öll önnur mannleg gæði, bæði til handa einstakling og ríkjum. Ef slíkar fortölur spilla æskulýðnum, þá er ég háskamaður.“ (S. 53.)

„Enginn sá maður er til, er mun lífi halda, ef hann rís einarðlega og drengilega upp á móti yður eða nokkrum öðrum múg og spornar við því, að ýmiss konar ranglæti og lögleysur nái fram að ganga í ríkinu. Sá sem ætlar verulega að taka málstað réttlætisins, verður að lifa embættislaus og skipta sér ekki af stjórn málum, ef hann á að halda lífi, þótt ekki sé nema skamma hríð.“ (S. 56.)

„Ég segi yður þá, sem hafið dæmt mig til dauða, að hegning mun koma yfir yður, undir eins eftir dauða minn, og hún mun verða miklu þyngri en hegning sú, sem þér hafið dæmt mér á hendur. Þér hafið dæmt mig í þeirri von, að þér munduð framvegis losna við að standa reikningsskap líferniss yðar. En það mun að minni hyggju fara á allt annan veg.“ (S.68- 69.)

Um ástina: „Allir menn [...] eru frjóir, bæði á líkama og sál, og þegar við höfum náð vissum aldri þráir eðli okkar að geta. En getnaður við það sem er ljótt er óhugsandi, og verður aðeins við hið fagra. Samfarir karls og konu eru getnaður, sem er guðdómlegur hlutur. Þetta, að frjóvga og fæða, er það sem dauðleg vera hefur í sér af ódauðleika. En þetta getur ekki átt sér stað í því sem er vanstillt, og í augum alls hins guðdómlega er ljótaleikinn eitthvað vanstillt, hið fagra samstillt. Því er það að komi eitthvað frjótt í nánd við það sem er fagurt hýrnar það og kætist, og það frjóvgar og elur.“ (Platón: Samdrykkjan (og Plótínos um fegurðina): Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1999, s. 113.)

„Sá sem fer rétt að í þessu efni [...] skyldi þegar á unga aldri bera sig eftir fögrum líkómum, og veiti leiðtuginn rétta leiðsögn, elskar hann fyrst einn fagran líkama og getur í því sambandi af sér fagrar hugmyndir. Þá gerir hann sér ljóst að fegurð eins líkama er af sama meiði og fegurðin í öðrum líkama, og að sé fegurð ásýndarinnar eftirsóknarverð, skjátlist honum ekki svo mjög ef hann telur fegurð allra líkama eina og sanna.

Þegar hann hefur skilið þetta, skal hann gerast elskandi allra fagurra líkama og láta af ofurástinni á einum sem hann líti nú niður á sem einhverja þröngsýni. Þessu næst skal hann meta meira fegurð sálna en líkamans, svo að hann geri sér að óðu að eiga elskuhuga sem er sálargáfum búinn þótt líkaminn standi í litlum blóma. Þennan mann á hann að elska og láta sér annt um og geta af sér hugmyndir sem eru til þess fallnar að bæta unga menn. Hann er þá tilneyddur að skoða hið fagra í lífsháttum og siðvenjum til að sjá að allt þetta er sömu ættar, og kemst að þeirri niðurstöðu að líkamleg fegurð sé lítills verð. Eftir lífshættina skal leiða hann áfram upp til vísindanna svo að hann sjái fegurðina sem í þekkingu býr. Hið fagra blasir nú við honum hvarvetna og hann horfir ekki lengur á það í einhverju einu eins og húsþræll sem dásit að fegurð lítills drengs [...] hann stendur nú andspænis reginhafi hins fagra og beinir að því sjónum, getur hann margar fagrar og háleitar hugmyndir og hugsanir í ósínkri vísuást, uns hann, elfdur og aukinn, kemur auga á eina mynd þekkingar á því líkri fegurð sem nú skal

greina [...] hefur þegar tekið stefnuna á endamark ástarinnar, mun skyndilega koma auga á eitthvað sem er í eðli sínu undursamlega fegurð.“

„[Hið fagra birtist] sjálft, hvílandi í og með sjálfu sér, ætíð í einni og sömu mynd [...]. Allt annað sem fagurt er á hlutdeild í því [...] hvorki eykst né þverr hið fagra sjálft eða tekur nokkurri breytingu.“

Æðsta stigi í fegurðarþroska hefur sá náð, sem auðnast að sjá: „að sjá hið fagra sjálft, tært og hreint og skírt, ómengað af mannlegu holdi og lit og öðrum forgengilegum hégóma, og gæti greint hina guðdómlegu fegurð einskæra.“ (Platón: Samdrykkjan (og Plótínos um fegurðina): Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1999, s. 119-123.)

Um dyggð/ágæti (virtue, excellence, happiness): „Sókrates og arftakar hans meðal grískra heimspekinga höfðu ýmislegt um dygðina að segja....Árangurinn var manngildishugmynd sem er ekki bundin við það samfélags sem hún er sprottin úr, þótt vissulega megi rekja sum einkenni hennar til þess. Kjarni þessarar hugmyndar er sá að mannleg fullkomnun, dygðin, sé að vera sjálfs sín herra, bæði gagnvart eigin ástríðum og öðrum mönnum; að rækta þá eiginleika sem gera okkur mennsk, en það eru einkum vitsmunir okkar og hæfileikinn til að lifa í félagsskap við aðra menn.“ (Platón: Menón, Hið Íslenska bókmenntafélag. Inngangur og skýringar Eyjólfssonar og Gunnars Harðarsonar, Rvk. 1985, s. 17.)

Hið gríska hugtak dyggð, er um margt svipað hugtakinu ágæti. Fyrir tíma Sókratesar mátti lesa úr verkum skáldsins, Hómers, þrjú tilbrigði við dyggðina eða ágætið; líkamleg, félagsleg og siðleg.

„Gríska orðið (hamingja) vísar frekar til þess sem við gætum kallað lífshamingju eða farsæld, til heils lífs sem er aðdáunarvert og nógu merkilegt til að við vildum öll lifa því, burtséð frá því sem okkur kann að finnast ánægjulegt. Hins vegar var Grikkjum líkast til jafnmikið á huldu og okkur hvers konar líf þetta væri.“ (Svavar Hrafn Svavarsson. Ágæti, dyggð og þekking. Sófistarnir og Sókrates. Jón Ma. Ásgeirsson og fl. (ritstj.) *Pulvis Olympicus*, Háskólaútgáfan, Rvk. 2009, s. 4.)

„Innra ágæti er ekki skýrt aðskilið ytra fyrir en líður á fimmtu öldina. Það er engin furða að ágæti hafi ekki tilheyrt sálinni, því nauðsynlegur greinarmunur sálar og líkama var ekki til staðar, sú sýn á sálina að þar væri fyrst og fremst að finna (s. 7) manneskjuna sjálfa og sálargáfur hennar [...]. (Svavar Hrafn Svavarsson. Ágæti, dyggð og þekking. Sófistarnir og Sókrates. Jón Ma. Ásgeirsson og fl. (ritstj.) *Pulvis Olympicus*, Háskólaútgáfan, Rvk. 2009.)

Um sálina (Platón. Síðustu dagar Sókratesar, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1973.) „[Get] með góðu móti sagt, að sálir framliðinna hljóti að vera einhvers staðar og hverfi þaðan aftur til lífsins.“ (S. 124.)

„[Þegar sálin] „athugar eitthvað ein og út af fyrir sig, hverfur hún ekki að hinum hreina og eilífa veruleika, sem er ódauðlegur og óbreytilegur? Og þar sem hún er honum skyld, hættir hún villuráfi sínu og skilur ekki við hann, fái hún aða vera ein og ótrufluð. Þar er hún jafnan sjálfri sér lík meðal óbreytilegri hluta.“ (S. 139.)

„[Sálin] [er] líkust hinu guðlega og ódauðlega, hinu skiljanlega, sem er óbreytilegt og óforgengilegt, ávallt eins og samt við sig, en líkaminn aftur á móti hinu dauðlega og óskiljanlega, margbreytilega og forgengilega, sem aldrei er eins né samt við sig.“ (S. 140.)

„Okkur er nær að ætla, að [sálin] skilji við skír og hrein með engar líkamsleifar í eftirdragi, því hún kaus sjálf að eiga ekkert samneyti við líkamann í lífinu: hún forðaðist hann og

safnaði sér saman í sjálfa sig, eins og hún hafði jafnan tamið sér. En þetta er að temja sér að deyja, og er ekki heimspekin einmitt í því fólgin að búa sig undir hægt andlát?“ (S. 141.)

„Ég flýtti mér að ná í bækur Anaxagórasar og las þær í einum spreng ... við lesturinn varð mér ljóst, að höfundurinn beitti skynseminni alls ekki og eignaði henni engar orsakir að skipan heimsins, heldur fann hann orsakirnar í ljósvaka, lofti og vatni og öðrum fáránlegum fyrirbærum. Mér virðist kenning hans áþekkust því, að maður segði allar athafnir Sókratesar ráðast af skynsemi, en reyndi síðan að tilgreina orsakir einstakra athafna minna með því að segja fyrst, að nú sitji ég hér vegna þess, að líkami minni sé samsettur af beinum og sinum, beinin séu hörð og milli þeirra liðamót, hins vegar umljúki þau sínar, sem ýmist stríkki eða slakni, ásamt holdi og skinni, sem heldur öllu saman. Og þar sem beinin hreyfast um liðamótin, stríkka og slakna sínarnar, svo að ég get beygt útlimina. Þetta á að vera orsök þess, að ég sit hér í þessari stöðu.“ (S. 170-171.)

Siðfræði (moral philosophy, ethics): „[Sé leitast við að] draga saman alla siðakenningu Sókratess, þá [er] hún eitthvað á þessa leið: - Prófaðu sjálfan þig, svo að þú vitir, hvað þér er áfátt um, og getir orðið góður maður, því að enginn er vísvitandi illur. Ráðfærðu þig við aðra menn um, hvað satt sé og rétt, svo að þið getið orðið á eitt sáttir og öðlzt algilda þekkingu, því að þekking er dyggð. Hirtu ekki svo mjög um veraldleg gæði, en vertu nægjusamur og nautnafár, hraustur og hugrakkur. Vertu löghlýðinn og skyldurækinn og taktu ekki annað á hendur en það, sem þú ert fær um. Fylg þú réttlætinu og réttu máli og berstu hugrakkur fyrir því. Og fylg þú viðvörunarrödd guddómsins í brjósti þér, enda þótt líf þitt sé í veði, því að – dyggð er sæla.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 197-198.)